

# Haustrundur 2002

Haustrundur Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna  
haldinn 1. nóvember 2002 í Bókasafni Kópavogs kl. 10 - 16.

Dagskrá:

10:00 Kaffisopi

10:15 Fundur settur

10:30 Landskerfi bókasafna hf.

Árni Sigurjónsson framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna hf. ræðir um gang mála og rekstur kerfisins. Anna Torfadóttir borgarbókavörður og fulltrúi í stjórn Aleflis - notendafélags Landskerfi bókasafna ræðir um næstu skref notendafélagsins. Hulda Björk Þorkelsdóttir forstöðumaður kynsir tillögur efnisorðahópsins: Fagráð - Hver fer með faglegu málin

Umræður

12:15 Matur í boði Bókasafns Kópavogs

13:15 KIB verkefnið

Kynning í umsjá forstöðumanna Hólmkels Hreinssonar, Hrafns Harðarsonar og Jóns Sævars Baldvinssonar

14:05 ABM - arkiver, biblioteker og museer.

Kvalitetsudvikling. Um er að ræða að miðla þekkingu og reynslu manna á milli í fjölmenningslegu samhengi. Hólmkell Hreinsson kynsir málið.

Samruni safna - söfn eða upplýsingamiðstöðvar. Safnasöfn – safnafólk. Framhald af umræðu á Skruddu.

14:35 Kaffisopi

14:50 "Smámálapátturinn"

Stutt yfirlit um stöðu eftirtalinna mála:

Fjárhagsáætlun SFA (HBÞ)

Bækur og móðurmál (HBÞ)

Myndbandamálið (HBÞ)

Bókasafnstækninámið (PM)

Samvinnan við Gott fólk (PM)

Safn ársins (HH)

Norrænt samstarf um áskrift að gagnasöfnum (HH)

Vorfundur SFA (MHR)

15:20 Bókasafn Kópavogs skoðað í fylgd Hrafns Harðarsonar, forstöðumanns

## Fundargerð:

Marta Hildur Richter, formaður SFA, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hún skipaði sjálfa sig fundarstjóra, Huldu Björk Þorkelsdóttur fundarritara fyrir hádegi og Margréti R. Gísladóttur fundarritara eftir hádegi. Fundurinn hófst síðan á því að fundarmenn kynntu sig skv. venju, síðan var gengið til dagskrár.

### 1. Landskerfi bókasafna hf. - staða mála.

Árni Sigurjónsson, framkvæmdastjóri LB kynnti landskerfið og starfsfólk þess, greindi síðan frá stöðu verkefnisins og kynnti drög að samningi við sveitarfélögin.

### 2. Alefli - notendafélag Gegnis.

Anna Torfadóttir, borgarbókavörður og stjórnarmaður Aleflis, kynnti félagið. Hún sagði frá aðdraganda stofnunar þess,

kynnti og dreifði lögum félagsins, sagði frá stofnfundinum sem haldinn var á síðasta Landsfundi Upplýsingar og hverjir skipa stjórn félagsins.

### **3. Fagráð - hvar eiga þau að vistast?**

Hulda Björk Þorkeldsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Reykjanesbæjar, varpaði fram spurningu til fundarmanna um hvar þeir vilja að fagráðin vistist og kynnti tillögur vinnuhóps um samræmd efnisorð í Gegni.

Að loknum þessum þrem framsöguerindum sat Árni fyrir svörum og svaraði margvíslegum spurningum fundarmanna um kerfið.

Fundarstjóri gerði hér fundarhlé til kl. 13 og snæddu fundarmenn öndvegis hádegisverð í kaffistofu Listasafns Kópavogs í boði Bókasafns Kópavogs.

*Hulda Björk Þorkeldsdóttir ritaði fundargerð fyrir hádegi.*

Eftir hádegisverðarhlé var fundi framhaldið samkvæmt dagskrá:

### **4. KIB verkefnið**

Hólmkell Hreinsson kynnti þýðingu á Metoder til sammenlignelige målinger af kvalitet, produktivitet og effektivitet i biblioteksydelser, KIB sem er gæðastjórnunarkerfi sem hann, Jón Sævar Baldvinsson og Hrafn Harðarson hafa þýtt. Þeir afhentu stjórn verkið til frekari útvinnslu og stungu upp á að það yrði sett á vefinn Fína.

### **5. ABM – arkiver, biblioteker og museer**

Hólmkell kynnti samnorrænt verkefni, ABM. Norðurlandaráð lagði til styrk í 2ja ára verkefni, sem felst í því að útbúa námsefni fyrir starfsmenn skjala-, bóka- og minjasafna. Þetta námsefni og væntanlegt námskeið í framhaldi á að gera þá hæfari til þessa að starfa í því fjölmenningslega umhverfi sem orðið er á öllum Norðurlöndunum. Hólmkell sagði að löndin ættu fjóra fulltrúa í nefndinni. Enn vantar bókavörð frá Íslandi.

### **Kaffihlé**

### **6. „Smámálapátturinn”**

Þessi liður fundarins var ætlaður til þess að fara yfir stöðu mála hjá stjórn og fulltrúum í hinum ýmsu nefndum á vegum SFA.

#### **a) Fjárhagsáætlun**

Hulda Björk, gjaldkeri, kynnti fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár, en engin fjárhagsáætlun var lögð fram á síðasta aðalfundi. Kom fram í máli Huldu Bjarkar að nú væru skráðir félagar 45, og að fjárhagsstaðan væri góð.

#### **b) Bækur og móðurmál**

Hulda Björk sagði frá starfi nefndar um Bækur og móðurmál, sem er samstarfsverkefni Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, SFA, Alþjóðahúss, Skólasafnamiðstöðvar, Alþjóðastofu á Akureyri og Fjölmenningsseturs á Vestfjörðum til þess að byggja upp bókakost fyrir skólabörn með annað móðurmál en íslensku. Gerð hafa verið drög að samkomulagi um samstarf. 20 söfn eru búin að lýsa áhuga á að vera með í verkefninu.

#### **c) Myndbandahópurinn**

Hulda Björk kynnti stöðu mála í starfshópi um kaup á klassískum kvikmyndum. Hugmyndin hafði upphaflega komið frá Borgarbókasafni. Þau eru þrjú sem skipa teymi um þetta mál eru Sigurður Vigfússon, Hulda Björk Þorkeldsdóttir og Hólmkell Hreinsson. Hulda Björk bað Andreu Jóhannsdóttur að slást í hópinn til að hjálpa með Norðurlöndin og var það auðsótt mál. Hulda Björk kynnti áætlaðan kostnað við kaup á myndböndunum og sagði jafnframt að enginn væri að skuldbinda sig þó að lýst væri yfir áhuga á kaupunum. Nokkur umræða varð um þessi mál, meðal annars um „minni” og „meiri” áskrift, þ.e. aðeins hluti mynda keyptur, sem ekki var talið útilokað að mætti semja um.

#### **d) Bókasafnstækninám**

Pálína Magnúsdóttir, ritari, kynnti stöðu mála í Bókasafnstæknináminu og sagði að 27 manns myndu hefja nám nú í desember. Hún sagði jafnframt að þær sem hefðu starfað að þessu verkefni væru um það bil að skila því af sér til Upplýsingar því nú væri málið í höfn.

#### **e) Markaðsáttak**

Pálína sagði frá samskiptum SFA og auglýsingastofunnar Gott fólk væri lokið að sinni og lagði til að allar PR

hugmyndir við stofuna yrðu frystar a.m.k. þar til nýja Landskerfið væri komið á. Enginn mótmæli komu fram.

#### **f) Almenningsbókasafn ársins**

Marta Hildur, formaður, sagði að hugmyndin um safn ársins væri látin og það Hólmkell að taka við dánarvottorðinu, en hann hafði blásið lífi í þessa hugmynd upphaflega. Hólmkell brást vel við og tók dánarfregninni af karlmennsku.

#### **g) Norrænt samstarf um gagnagrunna**

Marta Hildur kynnti erindi frá Þóru Gylfadóttur um norrænt samstarf um áskrift að gagnasöfnum. Nokkrar umræður urðu um málið.

#### **h) Vorfundur**

Að lokum kynnti Marta Hildur boð frá Gísla Sverri um að halda næsta vorfund SFA á Höfn. Dóra Þorsteinsdóttir, Héraðsbókasafni Skagfirðinga bauð líka til vorfundar, en ákveðið var að eiga það inni og taka boði Gísla Sverris.

Marta Hildur þakkaði fundarmönnum fyrir góðan og málefnalegan fund og lét þess getið að Hrafn byði þeim sem áhuga hefðu á að skoða safnið eftir fundinn. Fleira lá ekki fyrir og fundi slitið kl. 15:25

*Margrét R. Gísladóttir ritaði fundargerð eftir hádegi.*

Þátttakendur::

1. Andrea Jóhannsdóttir Bókasafn Norræna hússins
2. Anna Sigríður Einarsdóttir Bókasafn Hafnarfjarðar
3. Anna Torfadóttir Borgarbókasafn aðalsafn
4. Áslaug Óttarsdóttir Borgarbókasafn - Sólheimar
5. Dóra Þorsteinsdóttir Héraðsbókasafn Skagfirðinga
6. Dóra Thoroddsen Borgarbókasafn - Kringlan
7. Erla Kristín Jónasdóttir Borgarbókasafn - aðalsafn
8. Erla Lúðvíksdóttir Bókasafn Bessastaðahrepps
9. Eva Sumarliðadóttir Bókasafn Borgarness
10. Gísli Sverrir Ámason Menningarmiðstöð Hornafjarðar
11. Gunnhildur Edda Kristjánsdóttir Héraðsbókasafn Rangæinga
12. Halldóra Jónsdóttir Bókasafn Akraness
13. Hólmkell Hreinsson Amtsbókasafnið á Akureyri
14. Hrafn Harðarson Bókasafn Kópavogs
15. Hulda Björk Þorkelsdóttir Bókasafn Reykjanesbæjar
16. Jón Sævar Baldvinsson Bókasafn Ölfuss
17. Lilja Magnúsdóttir Héraðsbókasafnið á Kirkjubæjarklaustri
18. Lilja Ólafsdóttir Borgarbókasafn - Folda
19. Margrét Ásgeirsdóttir Bæjar- og héraðsbókasafn Selfoss
20. Margrét Björnsdóttir Bókasafn Neskaupsstaðar
21. Margrét Gísladóttir Bókasafn Grindavíkur
22. Marta Hildur Richter Bókasafn Mosfellsbæjar
23. Nanna Þóra Áskelsdóttir Bókasafn Vestmannaeyja
24. Oddný Björgvinsdóttir Bókasafn Garðabæjar
25. Pálína Magnúsdóttir Bókasafn Seltjarnarness
26. Ragnheiður María Adólfsdóttir Borgarbókasafn - Gerðuberg

Gestir fundarins:

27. Árni Sigurjónsson framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna

Formanni Upplýsingar var einnig boðið á fundinn en gat ekki þegið boðið.